



2024

# LEIÐBEININGAR

VIÐ SPURNINGALISTA SEÐLABANKA ÍSLANDS

vegna áhættumiðaðs eftirlits með aðgerðum gegn peningabævætti og fjármögnun hryðjuverka



# LEIÐBEININGAR

við spurningalista Seðlabanka Íslands vegna áhættumiðaðs eftirlits  
með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

# Efnisyfirlit

Gagnasöfnun Seðlabanka Íslands vegna aðgerða tilkynningarskyldra aðila	4
Tilgangur leiðbeininga	4
Yfirlit yfir spurningalistann	4
AML áhættumat spurningalisti	5
1. Almenn	5
2. Fjöldi viðskiptamanna	5
3. Landfræðileg dreifing viðskiptamanna	6
4. Áhættuflokkun viðskiptamanna	6
5. Viðskipti við aðila sem stunda áhættusama starfsemi	6
6. Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla	7
7. Viðskipti tilkynningarskyldra aðila	7
8. Áreiðanleikakönnun þriðja aðila	7
9. Útvistun verkefna tengdum aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka	8
10. Dreifileiðir	8
11. Skráningarskyldir aðilar	8
12. Einkenni rafeyris	9
13. Dreifileiðir rafeyris	10
14. Nafnleysi í tengslum við útgáfu rafeyris	10
15. Frysting fjármuna	10
16. Höfnun samningssambands eða einstakra viðskipta	11
17. Uppsögn samningssambands	11
18. Greining á grunsamlegum viðskiptum	11
19. Tilkynningar um grunsamleg viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu	12
20. Svikatilfelli	12
21. Ábyrgðarmaður	12
22. Starfsmenn og þjálfun	12
23. Endurskoðunardeild eða sjálfstæður úttektaraðili	13

# Gagnasöfnun Seðlabanka Íslands vegna aðgerða tilkynningarskyldra aðila

---

Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með tilkynningarskyldum aðilum skv. a-j-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og skal sinna eftirlitinu með áhættumiðaðri nálgun. Samkvæmt lögum nr. 140/2018 þurfa tilkynningarskyldir aðilar að viðhafa aðgerðir til að reyna að koma í veg fyrir að starfsemi þeirra sé nýtt til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

Tilkynningarskyldir aðilar þurfa árlega að skila til Seðlabankans svörum við spurningalista vegna áhættumiðaðs eftirlits með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Með spurningalistanum er Seðlabankinn að afla gagna, annars vegar til að greina þær áhættur sem viðkomandi tilkynningarskyldur aðili stendur frammi fyrir og hins vegar til að meta umgjörð tilkynningarskyldra aðila.

Spurningalistinn ber heitið „AML- áhættumat spurningalisti“ í gagnaskilakerfi Seðlabankans og er á excel-sniði. Tilkynningarskyldir aðilar skulu svara og skila í gagnaskilakerfi bankans eigi síðar en 31. ágúst ár hvert.

## Tilgangur leiðbeininga

Markmiðið með útgáfu þessara leiðbeininga er að leiðbeina tilkynningarskyldum aðilum um hvernig skuli svara spurningalista bankans. Leiðbeiningarnar eiga að skýra betur viðeigandi reiti og er markmiðið að tryggja að tilkynningarskyldur aðili svari spurningalistanum eins rétt og kostur er. Betri leiðbeiningar ættu einnig að tryggja betra samræmi í svörum tilkynningarskyldra aðila sem og svörum aðila á milli ára.

## Yfirlit yfir spurningalistann

Tilkynningarskyldum aðilum ber að svara öllum spurningum sem lagðar eru fram í spurningalistanum. Spurningarnar skiptast í þrjú tegundir:

- Tölulegar spurningar:
  - Kennitala, símanúmer.
  - Fjöldi.
  - Upphæð í krónum.
- Já/nei spurningar
  - Í þeim tilfellum að viðkomandi spurning á ekki við um alla tilkynningarskylda aðila er einnig til viðbótar svarið „á ekki við“.
- Opnar spurningar
  - Hér er reiturinn óskilgreindur og tilkynningarskyldir aðilar hvattir til að lýsa vel því sem Seðlabankinn óskar eftir svörum um.

Ef um tölulegar spurningar er að ræða en viðkomandi spurning á ekki við aðilann skal skrá tölustafinn 0. Þar sem um er að ræða já og nei spurningar er oftast einnig svarmöguleikinn á ekki við til að hægt sé að upplýsa að viðkomandi spurning eigi ekki við viðkomandi tilkynningarskyldan aðila.

Um er að ræða þrjú tegundir reita í spurningalistanum: skyldusvæði, skilyrt skyldusvæði og valkvætt skyldusvæði. Ákveðnum spurningum er skylt að svara og mun gagnaskilakerfi Seðlabankans hafna móttöku spurningarlistans

ef öll skyldusvæði hafa ekki verið útfyllt auk skilyrtra svæða ef við á. Dæmi um skilyrt svæði er ef einni spurningu er svarað játandi skal svara til viðbótar öðrum spurningum í sama kafla.

Spurningalistinn skiptist í 23 kafla og hefst á almennum spurningum um tilkynningarskylda aðilann og starfsemi hans. Þar á eftir er óskað eftir upplýsingum til að meta eðlislæga áhættu hjá viðkomandi tilkynningarskyldum aðila en eðlislæg áhætta samanstendur af eftirfarandi áhættuþáttum: viðskiptamenn, vörur og þjónusta, dreifi-leiðir og landfræðileg áhætta. Upplýsingar er varða greiningu á grunsamlegum viðskiptum og höfnun viðskipta fylgja þar á eftir. Að lokum eru spurningar er snúa að innri reglum og umgjörð aðilans.

Í spurningalistanum er annars vegar óskað eftir upplýsingum vegna ákveðins tímabils, viðmiðunartímabils, sem er tímabilið 1. júlí sl. árs til 30. júní þess árs sem spurningalistanum er svarað. Hins vegar er óskað eftir upplýsingum vegna ákveðinnar dagsetningar, viðmiðunardagsetningar, sem er 30. júní þess árs sem spurningalistanum er svarað.

## AML áhættumat spurningalisti

Spurningalisti fyrir áhættumiðað eftirlit með aðgerðum tilkynningarskyldra aðila

Nr. spurningar	Útskýring
<b>1. Almenn</b>	
1.1.	Hér skal skrá kennitölu tilkynningarskylds aðila.
1.2.	Hér skal skrá nafn ábyrgðarmanns sem tilkynningarskyldur aðili hefur tilkynnt til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu skv. 34. gr. laga nr. 140/2018.
1.3.	Hér skal skrá símanúmer ábyrgðarmanns.
1.4.	Hér skal skrá netfang ábyrgðarmanns.
1.5.	Hér skal skrá heildarfjölda stöðugilda hjá tilkynningarskyldum aðila.
1.6.	Hér er óskað eftir svörum um hve mörg stöðugildi sinna aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka að einhverju leyti í störfum sínum, hvar sem þeir eru staðsettir innan tilkynningarskylda aðilans og hvort sem er um að ræða fyrstu, aðra eða þriðju línu í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
1.7-1.18.	Já/Nei spurningar. Seðlabankinn styðst við flokkun starfsemi eins og hún kemur fram í kaflanum fjármálamarkaður í ritinu <b>Áhættumat vegna peningaþvættis og fjármögnun hryðjuverka</b> <sup>1</sup> , útgefnu af ríkislögreglustjóra. Hver tilkynningarskyldur aðili merkir já við þá starfsemi sem aðilinn hefur heimild til að sinna, burtséð frá því hvort starfsemin er stunduð eða ekki. Merkt er nei við þá starfsemi sem aðili hefur ekki heimild til að sinna. Í sp. 1.18. er hægt að skrá aðra starfsemi sem er stunduð á viðmiðunardegi en tilkynningarskyldur aðili getur heimfært á tilgreinda starfsemi í sp. 1.7-1.17.
<b>2. Fjöldi viðskiptamanna</b>	
2.1.	Viðskiptamaður er einstaklingur eða lögaðili sem nýtir sér þjónustu tilkynningarskylda aðilans og er í viðvarandi samningssambandi við hann, sbr. a-lið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 140/2018. Skrá skal heildarfjölda allra viðskiptamanna á viðmiðunardegi. Í þeim tilvikum þegar tilkynningarskyldur aðili er ekki í viðvarandi samningssambandi við tilkynningarskylda aðilann skal skrá fjölda einstakra viðskipta í skilningi b- og c-liðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 140/2018. Í tilvikum líffryggingafélaga, váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanna er óskað eftir fjölda viðskiptamanna sem hafa keypt líffryggingar eða aðrar áhættu- og söfnunartengdar tryggingar. Samtala 2.2. og 2.3. skal vera sama og svar tilkynningarskylda aðilans við sp. 2.1.
2.2.	Hér skal skrá fjölda einstaklinga sem vísað er til í sp. 2.1.
2.3.	Hér skal skrá fjölda lögaðila sem vísað er til í sp. 2.1.

1. <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/03/Ahaettumat-2021-lokautgafa.pdf>

Nr. spurningar	Útskýring
2.4.	Hér er einungis átt við fjárvörslusjóð sem stofnaður hefur verið á grundvelli laga, með skjali eða munnlegum gerningi með einu eða fleiri fjárframlögum. Fjárvörslusjóðurinn skal starfa í samræmi við fyrirfram skilgreindan tilgang sem almennt felst í því að halda utan um og ávaxta eignir réttthafa. Réttthafar geta verið þeir sem leggja til fjárframlög eða aðrir tilnefndir aðilar. Á ensku kallast þessir fjárvörslusjóðir <i>trusts</i> .  Skrá skal fjölda slíkra fjárvörslusjóða sem eru viðskiptamenn hjá viðkomandi tilkynningarskyldum aðila.
2.5.	Heildarfjöldi viðskiptamanna, bæði einstaklingar og lögaðilar, sem hafa stofnað til samningsambands við tilkynningarskylda aðilann á viðmiðunartímabilinu.

### 3. Landfræðileg dreifing viðskiptamanna

3.1.	Hér skal telja þá viðskiptamenn sem eru ekki búsettir á Íslandi eða með skráð aðsetur og ekki með íslenskt ríkisfang á viðmiðunardegi.  Samtala sp. 3.2. og 3.3. skal vera jöfn heildartölunni í sp. 3.1.  Dæmi um aðila sem ætti hér undir væri einstaklingur búsettur í Bandaríkjunum og er ekki með íslenskan ríkisborgararétt. Dæmi um aðila sem ekki ætti að telja hér er aðili búsettur í Argentínu sem er með íslenskt ríkisfang.
3.2.	Hér skal telja þá viðskiptamenn skv. svari 3.1. sem eru búsettir eða með skráð aðsetur innan EES og eru ekki með íslenskt ríkisfang.  Dæmi um slíkan aðila er viðskiptamaður búsettur í Belgíu og er ekki með íslenskt ríkisfang.
3.3.	Hér skal skrá fjölda þeirra viðskiptamanna skv. svari 3.1. sem eru búsettir eða með skráð aðsetur utan EES og eru ekki með íslenskt ríkisfang.  Dæmi um slíkan aðila er viðskiptamaður sem er með aðsetur í Brasilíu og er ekki með íslenskt ríkisfang.
3.4.	Hér skal skrá fjölda þeirra viðskiptamanna, hvort sem um er að ræða einstaklinga, lögaðila, fjárvörslusjóði eða sambærilega aðila sem eru ekki með íslenskt ríkisfang og tengjast áhættusömu eða ósamvinnuþýðu ríki, eins og þau eru skilgreind skv. lista Seðlabanka Íslands.  Vakin er athygli á 14. gr. laga nr. 140/2018 en framkvæma á aukna áreiðanleikakönnun þegar átt er í viðskiptum við einstaklinga, lögaðila, fjárvörslusjóði eða sambærilega aðila sem tengjast áhættusömu eða ósamvinnuþýðu ríki.  Með orðinu tengjast er átt við hvers lags snertiflöt sem viðskiptamaðurinn getur átt við áhættusamt eða ósamvinnuþýtt ríki svo sem með veiting þjónustu, aðsetur, greiðslur til eða frá ríkinu o.s.frv. Til nánari skýringa skal litið til kafla 4.55-4.57 í viðmiðunareglum um áhættuþætti ( <i>The EBA Guidelines on Risk Factors</i> ) <sup>2</sup>  Listi yfir áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki er uppfærður reglulega og birtur á heimasíðu Seðlabanka Íslands. <sup>3</sup>
3.5.	Hér þarf að skrá öll ríki viðskiptamanna skv. sp. 3.4. og skrá fjölda viðskiptamanna við hvert ríki.

### 4. Áhættuflokkun viðskiptamanna

4.1-4.3.	Áhættuflokkun tilkynningarskyldra aðila er misjöfn en flestir notast við 3 til 5 flokka til að gera greinarmun á áhættustigi viðskiptamanna. Hér er einungis beðið um þrjá flokka og þá þarf að meta hvernig skiptingin passar við ofangreinda flokkun Seðlabankans.  Dæmi: Ef tilkynningarskyldur aðili er með fjóra flokka; hátt, meðalhátt, meðallágt og lágt er hægt að setja þá tvo flokka í miðjunni sem miðlungs áhættu. Ef flokkunin er hátt, verulega hátt, meðal og lágt þá myndu flokkarnir hátt og verulega hátt vera dregnir saman.  Hér skal skrá heildartölu við hvern áhættuflokk og ætti samtala sp. 4.1-4.3. að vera jöfn heildartölunni í sp. 2.1.
----------	---

### 5. Viðskipti við aðila sem stunda áhættusama starfsemi

5.1.-5.14.	Skrá þarf fjölda viðskiptamanna aðila sem tengjast ákveðnum starfsgreinum sem samkvæmt greiningu Seðlabanka Íslands teljast áhættusamar m.t.t. peningaþvættis og fjármögnun hryðjuverka.  Seðlabankinn styðst við upplýsingar frá FATF og EBA <sup>4</sup> um hvaða starfsemi er talin vera áhættusöm. Að auki metur Seðlabankinn í samstarfi við SFL hvort tiltekin starfsemi sem stunduð er hér á landi sé áhættusöm í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.  Seðlabankinn bendir á að þó að viss starfsemi teljist vera áhættusöm jafngildir það ekki því að forðast eigi að stofna til samningsambands við slíka aðila. Mikilvægt er að tilkynningarskyldir aðilar meti áhættuna sem stafar af samningsambandinu eða einstökum viðskiptum og stýri áhættunni á viðeigandi hátt.
------------	---

2. [Final Report on Guidelines on revised ML TF Risk Factors.pdf \(europa.eu\)](#)

3. <https://www.fme.is/eftirlit/eftirlit-med-adgerdum-gegn-peningathvaetti-og-fjarmogun-hrydjuverka/ahaettusom-og-osamvinnuthyd-riki/>

4. [Final Report on Guidelines on revised ML TF Risk Factors.pdf \(europa.eu\)](#). Kafli 2.4.

Nr. spurningar	Útskýring
<b>6. Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla</b>	
6.1.	Hér skal skrá þann fjölda einstaklinga sem eru í samningssambandi við tilkynningarskylda aðilann á viðmiðunardegi og teljast vera í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla.  Listi yfir starfsheiti sem teljast til háttsettra opinberra starfa er á heimasíðu Seðlabanka Íslands <sup>5</sup> og byggir á 10. gr. reglugerðar nr. 1420/2020.
6.2.	Hér skal skrá þann fjölda einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla sem eru búsettir eða með skráð aðsetur innan EES-svæðisins og eru ekki með íslenskt ríkisfang.
6.3.	Hér skal skrá þann fjölda einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla sem eru búsettir eða með skráð aðsetur utan EES-svæðisins og eru ekki með íslenskt ríkisfang.
6.4.	Hér skal skrá þann fjölda einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla sem eru búsettir eða með skráð aðsetur í ríkjum sem talin eru áhættusöm eða ósamvinnuþýð og eru ekki með íslenskt ríkisfang.
<b>7. Viðskipti tilkynningarskyldra aðila</b>	
7.1.	Hér er óskað eftir upplýsingum um heildarfjölda samningssambanda við erlenda tilkynningarskylda aðila, þar sem erlendur tilkynningarskyldur aðili hefur stofnað svokallaðan „vostro“ reikning hjá aðilanum. Í slíkum tilvikum hvílir skylda á aðilanum að gera áreiðanleikakönnun skv. 10. gr. eða eftir atvikum 15. gr. laga nr. 140/2018.  Ekki er óskað eftir upplýsingum um samningssambönd þar sem aðillinn hefur mótttekið millibankapjónustu hjá öðrum tilkynningarskyldum aðila, þ.e. stofnun svokallaðra „nostro“ reikninga hjá öðrum tilkynningarskyldum aðila.
7.2.	Hér skal skrá heildarfjölda þeirra samningssambanda við tilkynningarskylda aðila sem spurt er um í sp. 7.1. og aðilarnir eru með aðsetur utan EES.
7.3.	Hér skal skrá heildarfjölda þeirra samningssambanda við tilkynningarskylda aðila sem spurt er um í sp. 7.1. og aðilarnir eru með aðsetur í ríkjum sem talin eru áhættusöm eða ósamvinnuþýð.
7.4.	Já/Nei spurning  Hér skal svara hvort að tilkynningarskyldi aðillinn eigi í eða ætli að stofna til samningssambands sem felur í sér gegnumstreymisreikninga (e. payable-through account).
<b>8. Áreiðanleikakönnun þriðja aðila</b>	
Í þessum kafla eru spurningar er snúa að samningi sem er gerður við þriðja aðila um framkvæmd áreiðanleikakönnanna samkvæmt 5. mgr. 18. gr. laga nr. 140/2018.	
8.1.	Já/Nei spurning  Hér er óskað eftir upplýsingum hvort að tilkynningarskyldur aðili hafi ákveðið að reiða sig á áreiðanleikakönnun annars tilkynningarskylds aðila samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 140/2018. Í þeim tilvikum er umræddur viðskiptamaður sem áreiðanleiki upplýsinga er kannaður hjá, viðskiptamaður beggja tilkynningarskyldra aðila. Heimild til þess að nýta sér áreiðanleikakönnun þriðja aðila er háð tilteknum skilyrðum, sbr. 2. mgr. 18. gr. laganna.  Til þess að heimilt sé að reiða sig á áreiðanleikakönnun þriðja aðila er skylda að gera skriflegan samning við þann sem veitir upplýsingarnar, sbr. 5. mgr. 18. gr. laganna.  Mikilvægt er að gera greinarmun á því að reiða sig á upplýsingar annars tilkynningarskylds aðila og að útvista tilteknum verkefnum til annars aðila.  Þá er vakin athygli á því að skyldur skv. 18. gr. laganna gilda ekki um útvistunaraðila eða umboðsmenn sem teljast vera hluti af tilkynningarskyldum aðila. Í slíkum tilvikum er ekki skylt að gera samning skv. 18. gr. en óskað er sérstaklega eftir upplýsingum um útvistun í spurningum í kafla 9.  Ef svarað er jákvætt skal svara spurningum 8.2 til 8.5.
8.2.	Hér er óskað upplýsinga um hversu marga samninga aðili hefur gert skv. 5. mgr. 18. gr. laga nr. 140/2018, um að reiða sig á upplýsingar annars tilkynningarskylds aðila.
8.3.	Hér er óskað eftir nafni/nöfnum þeirra aðila sem gerður hefur verið samningur við skv. 5. mgr. 18. gr. laga nr. 140/2018 og hvar viðkomandi er með staðfestu (þar sem hann er skráður í fyrirtækjaskrá).

5. <https://www.fme.is/eftirlit/eftirlit-med-adgerdum-gegn-peningathvaetti-og-fjarmognun-hrydjuverka/hattsett-opinber-storf/>

Nr. spurningar	Útskýring
8.4.	Hér er óskað eftir upplýsingum um hvernig tryggt er að þriðji aðili framkvæmi áreiðanleikakönnun og varðveiti gögn í samræmi við kröfur laga nr. 140/2018. Óskað er upplýsinga um til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að tryggja framangreint, t.d. hvort og hvernig upplýsinga var aflað um framkvæmd áreiðanleikakönnunar og hvernig þær upplýsingar voru staðreyndar. Þá er óskað upplýsinga um hvort að viðkomandi tilkynningarskyldur aðili sem veitir upplýsingar hafi verið heimsóttur til að tryggja að þær upplýsingar sem hann hefur veitt um stefnur, ferla og stýringar séu réttar og að framkvæmdin sé í samræmi við það verklag sem kynnt hefur verið.
8.5.	Hér er óskað upplýsinga um með hvaða hætti er tryggt að þriðji aðili lúti sambærilegu eftirliti og lög nr. 140/2018 kveða á um. Á þetta sérstaklega við í tilvikum þar sem þriðji aðili er erlendur eða innlendur aðili sem lýtur eftirliti annars en Seðlabankans.
8.6.	Hér er óskað eftir upplýsingum um hvort aðili reiði sig á áreiðanleikakönnun aðila innan samstæðu, án þess að gerður hafi verið samningur skv. 18. gr. (sjá einnig 8.1. þar sem fram kemur að skyldur ákvæðisins gildi ekki innan samstæðu).

## 9. Útvistun verkefna tengdum aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Í þessum kafla eru spurningar er snúa að verkefnum er varða útvistun á verkefnum tengdum aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Slík útvistun krefst ekki samnings skv. 18. gr.

9.1.	Já/Nei spurning Hér skal svara hvort að aðilinn hafi útvistað verkefnum er varða málaflokkinn.
9.2.	Hér skal skrá fjölda þeirra aðila innan samstæðu, sem tilkynningarskyldur aðili hefur útvistað til verkefnum tengdum aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
9.3.	Hér skal skrá fjölda þeirra aðila utan samstæðu, sem tilkynningarskyldur aðili hefur útvistað til verkefnum tengdum aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
9.4.	Hér er óskað eftir upplýsingum um nöfn þeirra aðila sem verkefnum hefur verið útvistað til, hvort sem um er að ræða innan eða utan samstæðu, upplýsinga um staðfestu þeirra (hvar viðkomandi er skráður í fyrirtækjaskrá) og hvaða verkefnum hefur verið útvistað til viðkomandi.
9.5.	Já/Nei spurning Hér skal svara hvort að tilkynningarskyldur aðili hafi gert skriflegan samning við aðila um útvistun.

## 10. Dreifileiðir

Í þessum kafla eru spurningar er snúa að því á hvaða hátt viðskiptamenn stofna til samningssambands eða eiga í einstökum viðskiptum við tilkynningarskyldan aðila sem og á hvaða hátt viðskiptamenn stunda viðskiptin í framhaldi við tilkynningarskylda aðilann.

Merkja skal við sp. 10.1. til 10.4. á skalanum 1-5 þar sem 1 er megin dreifileiðin en sé dreifileið ekki notuð þá skal merkja 5 við þá spurningu.

10.1.	Hér skal merkja við hvort og þá hversu mikið viðskiptamenn stofna til samningssambands og stunda viðskipti með því að hitta starfsmann eða fulltrúa tilkynningarskylda aðilans í eigin persónu.
10.2.	Hér skal merkja við hvort og þá hversu mikið viðskiptamenn stofna til samningssambands með því að hitta starfsmann eða fulltrúa tilkynningarskylda aðilans í eigin persónu og stunda áframhaldandi viðskipti í gegnum fjarskiptatæki.
10.3.	Hér skal merkja við hvort og þá hversu mikið viðskiptamenn stofna til samningssambands og stunda viðskipti í gegnum fjarskiptatæki.
10.4.	Hér skal merkja við hvort og þá hversu mikið viðskiptamenn stofna til samningssambands og viðskipti eru stunduð fyrir tilstuðlan útvistunaraðila sem er í samræmi við innri reglur tilkynningarskylda aðilans.
10.5.	Hér skal skrá fjölda staða þar sem hægt er að stofna til samningssambands eða eiga í einstökum viðskiptum við tilkynningarskyldan aðila. Slíkir staðir geta m.a. verið útibú, afgreiðslustaðir eða umboðsaðilar auk aðalstarfsstöðvar.

Ef einungis er hægt að eiga viðskipti í gegnum fjarskiptatæki skal skrá að fjöldi staða til að eiga viðskipti sé einn.

## 11. Skráningarskyldir aðilar

Spurningum í þessum kafla skal einungis svarað af þeim sem teljast til skráningarskyldra aðila. Þar er átt við gjaldeyrisskiptabjónustu, þjónustuveitendur sýndareigna skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 140/2018, sem og lánveitendur og lánamiðlara, sbr. 29. gr. a. laga nr. 33/2013 um neytendalán og 41. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda.

Aðrir en skráningarskyldir aðilar svara spurningum „á ekki við“. Mikilvægt er þó að skrá umrætt svar í alla viðeigandi dálka.

Athugið að sp. 11.1. til 11.8. eru flestar tvíþættar, annars vegar er spurt um fjölda viðskiptamanna á viðmiðunartímabilinu og hins vegar um fjölda viðskipta sem framkvæmd eru á viðmiðunartímabilinu.



Nr. spurningar	Útskýring
11.1.-11.2.	Hér er spurt um viðskipti þar sem gjaldeyrir skiptir um hendur. Þessar spurningar eru eingöngu fyrir gjaldeyrisskiptaþjónustu.
11.3.-11.4.	Hér er spurt um viðskipti með sýndareignir. Þessar spurningar eru eingöngu fyrir þjónustuveitendur sýndareigna.
11.5.-11.6.	Hér er spurt um fjölda viðskiptamanna sem hafa tekið neytendalán á viðmiðunartímabilinu og um hversu mörg lán er að ræða í heild. Þessar spurningar eru eingöngu fyrir lánveitendur skv. lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda.
11.7.-11.8.	Hér er spurt um fjölda miðlaðra neytendalána á viðmiðunartímabilinu og um hversu mörg lán er að ræða í heild. Þessar spurningar eru eingöngu fyrir lánamiðlara skv. lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda.
Sp.11.9. til 11.16.	eru um heildarviðskipti/útlán í krónum talið á viðmiðunartímabilinu að undanskilinni sp. 11.14.
11.9.	Heildarvelta gjaldeyrisviðskipta þar sem um var að ræða reiðufjárviðskipi. Þessi spurning er eingöngu fyrir gjaldeyrisskiptaþjónustu.
11.10.	Heildarvelta annarra gjaldeyrisviðskipta en þeirra sem fara fram sem reiðufjárviðskipti. Þessi spurning er eingöngu fyrir gjaldeyrisskiptaþjónustu.
11.11.	Heildarvelta viðskipta með sýndareignir. Hér skal gefa upplýsingar um heildarumfang þegar sýndareignir eru seldar fyrir gjaldmiðla/rafeyri. Þessi spurning er eingöngu fyrir þjónustuveitendur sýndareigna.
11.12.	Heildarvelta viðskipta með sýndareignir. Hér skal gefa upplýsingar um heildarumfang þegar sýndareignir eru keyptar fyrir gjaldmiðla/rafeyri. Þessi spurning er eingöngu fyrir þjónustuveitendur sýndareigna.
11.13.	Heildarvelta viðskipta með sýndareignir. Hér skal veita upplýsingar um heildarumfang þegar viðskipti eiga sér stað með eina tegund sýndareigna fyrir aðra tegund sýndareigna Þessi spurning er eingöngu fyrir þjónustuveitendur sýndareigna.
11.14.	Hér skal skrá í hvaða sýndareignum viðkomandi tilkynningarskyldur aðili á í viðskiptum með.
11.15.	Heildarupphæð veittra neytendalána á viðmiðunartímabilinu. Þessi spurning á eingöngu við um lánveitendur.
11.16.	Heildarupphæð miðlaðra neytendalána á viðmiðunartímabilinu. Þessi spurning á eingöngu við um lánveitendur.

## 12. Einkenni rafeyris

12.1. Hér skal skrá heildarfjárhæð útgefins rafeyris hjá tilkynningarskyldum aðila á viðmiðunardagsetningu.

Hér skal veita upplýsingar um hvort að útfinn rafeyrir á viðmiðunartímabilinu uppfylli eftirfarandi mælikvarða. Svara skal spurningum já/nei eftir því sem við á.

Þeir aðilar sem stunda ekki slíka starfsemi skulu svara eftirfarandi spurningum með „á ekki við“.

### Skilgreining á rafeyri:

Rafeyrir eru peningaleg verðmæti, í formi kröfu á útgefanda sem er geymd á rafrænum miðli þ.m.t. á segulformi, gefin út í skiptum fyrir fjármuni, í þeim tilgangi að framkvæma greiðslu í skilningi laga um greiðsluþjónustu og samþykkt er sem slík af öðrum aðilum en útgefandanum sjálfum. Hér getur t.d. verið um að ræða gjafakort og fyrirframgreidd greiðslukort svo sem kreditkort sem hafa þá eiginleika að hægt sé að greiða inn á þau umfram skuld og þannig myndað verðmæti í formi kröfu á útgefanda.

12.2. Já/nei spurning  
Ef hægt er að hlaða peningalegum verðmætum að fjárhæð 500. þús. kr. eða meira skal svara játandi, annars neitandi.

12.3. Já/nei spurning  
Ef viðskiptamaður getur framkvæmt greiðslur að fjárhæð 250 þús. kr. eða hærra í einni einstakri greiðslu skal svara játandi, annars neitandi.

Nr. spurningar	Útskýring
12.4.	Já/nei spurning Ef hægt er að hlaða eða endurhlaða greiðslumiðil í peningalegum verðmætum með reiðufé (seðlar og mynt) skal svara játandi, annars neitandi.
12.5.	Ef sp. 12.4. er svarað játandi þarf að skrá hversu oft hægt er að endurhlaða rafeyririnn.

### 13. Dreifileiðir rafeyris

Hér skal veita upplýsingar um dreifileiðir útgefins rafeyris á viðmiðunartímabilinu og hvort að hann uppfylli eftirfarandi mælikvarða. Svára skal spurningum já/nei eftir því sem við á, nema í sp. 13.4. sem er nánari útskýring á sp. 13.3.

Þeir tilkynningarskyldir aðilar sem stunda ekki slíka starfsemi skulu svara eftirfarandi spurningum með „á ekki við“.

13.1.	Já/Nei spurning Rafeyririnn heimilar greiðslur á milli mismunandi einstaklinga og/eða lögaðila.
13.2.	Já/Nei spurning Hér er verið að spyrja hvort að margir söluaðilar taka við rafeyrinum sem greiðslu, ef svo er skal svara játandi annars neitandi.  Hér er leitast eftir hvort um sé að ræða eitt fyrirtæki sem hægt er að nýta rafeyririnn hjá.  Dæmi um slíkt er þegar um er að ræða eitt fyrirtæki með mörgum verslunum líkt og fyrirtæki, matvöruverslanakeðja eða bensinstöðvar, eða hvort hægt sé að nota rafeyririnn hjá mörgum fyrirtækjum eins og þegar um er að ræða gjafakort verslunarmiðstöðva.
13.3.	Já/Nei spurning Hér er verið að spyrja hvort að aðeins einn söluaðili (lögaðili sem að starfrækir fleiri en eina verslun undir sama nafni) taki við rafeyrinum sem greiðslu. Ef svo er skal svara játandi annars neitandi.  Dæmi um slíkt er þegar um er að ræða eitt fyrirtæki sem rekur mörg útibú sömu verslunar sem hægt er að nýta rafeyririnn hjá, eins og í tilfelli matvöruverslanakeðja eða bensinstöðva.
13.4.	Já/nei spurning Hér þarf að gera grein fyrir hvort að sá söluaðili sem vísað er til í sp. 13.3. stundi áhættusama starfsemi sem felur í sér mikla hættu á peningabætti og/eða fjármögnun hryðjuverka.  Listi yfir áhættusama starfsemi í kafla 5 gefur vísbendingar um þá þjónustu sem telst vera áhættusöm hérlendis að mati Seðlabanka Íslands.
13.5.	Já/nei spurning Hér skal upplýsa hvort að hægt sé að nota rafeyririnn í greiðslum á milli landa eða í mismunandi ríkjum.
13.6.	Já/nei spurning Ef hægt er að taka rafeyririnn út á einhvern hátt í formi reiðufjár skal svara þessari spurningu játandi, annars neitandi.

### 14. Nafnleysi í tengslum við útgáfu rafeyris

Í þessum kafla skal veita upplýsingar um nafnleysi útgefins rafeyris á viðmiðunartímabilinu og hvort að hann uppfylli eftirfarandi mælikvarða. Ef spurningu 14.1. er svarað játandi þarf að svara næstu spurningum í kaflanum. Ef svarið við 14.1. er nei skal svara öðrum spurningum kaflans „á ekki við“.

14.1.	Já/ Nei spurning Gefa skal upp hvort að rafeyrir sé gefinn út í nafnleysi í samræmi við lög nr. 140/2018. Hér er átt við viðskiptamaður hafi ekki þurft að sanna á sér deili hjá útgefanda.
14.2.-14.3.	Ef svar við sp. 14.1. er jákvætt skal hér gera grein fyrir fjölda útgefna korta og umfang útgefins rafeyris á viðmiðunartímabilinu.
14.4.	Já/ Nei spurning Hér er kannað hvort að þriðji aðili þ.e.a.s. annar aðili en viðskiptamaður geti endurhlaðið greiðslumiðilinn fyrir hönd viðskiptamannsins, t.d. með millifærslu.

### 15. Frysting fjármuna

Í þessum kafla eru spurningar er snúa að frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs, sbr. lög um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023. Skyldan til að frysta fjármuni og efnahagslegan auð er í samræmi við reglugerðir sem settar eru á grundvelli framangreindra laga.

Skilgreining á flöggum:

Flögg eru tilkynningar frá kerfum tilkynningarskyldra aðila eða aðrar viðvaranir sem leiðir til þess að tilkynningarskyldi aðilinn þarf að grípa til aðgerða í tengslum við alþjóðlegar þvingunaraðgerðir.

Nr. spurningar	Útskýring
15.1.	Hér þarf að svara hversu mörg flögg hafa komið upp í kerfi tilkynningarskylda aðilans og þurft hefur að rannsaka nánar.
15.2.	Fjöldi tilkynninga sem tilkynningarskyldur aðili sendi til utanríkisráðuneytisins á viðmiðunartímabilinu vegna frystingar fjármuna eða efnahagslegs auðs.
15.3.	Heildarumfang þeirra tilkynninga í krónum talið sem sendar voru skv. svari við spurningu 15.2.

#### 16. Höfnun samningssambands eða einstakra viðskipta

16.1.	Já/Nei spurning Hér skal svara já/nei eftir því sem við á. Athugið að hér er átt við höfnun á samningssambandi eða einstökum viðskiptum sem ekki hefur þegar verið stofnað til af hálfu tilkynningarskylda aðilans.
16.2.	Ef svarað er já við sp. 16.1. þarf hér að veita nánari upplýsingar í tengslum við höfnunina/hafnanirnar.
16.3.	Hér er spurt um fjölda samningssambanda eða einstakra viðskipta sem hefur verið hafnað vegna krafna í lögum nr. 140/2018, s.s. þar sem viðskiptamaður veitti ekki fullnægjandi upplýsingar til þess að framkvæma áreiðanleikakönnun, ekki tókst að sannreyna upplýsingar með fullnægjandi hætti eða vegna annarra ástæðna sem leiddu til þess að áreiðanleikakönnun taldist ekki uppfylla skilyrðin sem koma fram í lögum nr. 140/2018.
16.4.	Hér er spurt um hversu mörgum samningssamböndum eða einstökum viðskiptum sbr. sp. 16.4. eru vegna einstaklinga.
16.5.	Hér er spurt um hversu mörgum samningssamböndum eða einstökum viðskiptum sbr. sp. 16.4. eru vegna lögaðila.
16.6.	Hér er spurt um fjölda samningssambanda eða einstakra viðskipta sem hefur verið hafnað vegna áhættuvilja aðilans. Í því sambandi er átt við tilgreinda tegund samningssambanda sem tilkynningarskyldur aðili hefur ákveðið að undirgangast ekki.
16.7.	Hér er spurt um hversu mörgum samningssamböndum eða einstökum viðskiptum sbr. sp. 16.6. eru vegna einstaklinga
16.8.	Hér er spurt um hversu mörgum samningssamböndum eða einstökum viðskiptum sbr. sp. 16.6. eru vegna lögaðila.

#### 17. Uppsögn samningssambands

Í þessum kafla eru spurningar um samningssambönd sem þegar hefur verið stofnað til en tilkynningarskyldur aðili ákveður að segja upp af ástæðum sem tengjast aðgerðum gegn peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.

17.1.	Já/Nei spurning Hér skal svara hvort að tilkynningarskyldur aðili hafi sagt upp samningssambandi á viðmiðunartímabilinu.
17.2.	Hér skal skrá nánar um ástæður uppsagnanna sem vísað er til í sp. 17.1.
17.3.	Hér er spurt um fjölda samningssambanda sem hefur verið sagt upp vegna krafna í lögum nr. 140/2018, s.s. þar sem ekki tókst að uppfæra upplýsingar um viðskiptamann, ekki tókst að sannreyna upplýsingar með fullnægjandi hætti eða vegna annarra ástæðna sem leiddu til þess að uppfærð áreiðanleikakönnun taldist ekki uppfylla skilyrði sem sett eru í lögum nr. 140/2018.
17.4.	Hér skal skrá hve mörg af þeim samningssamböndum í sp. 17.3. voru við einstaklinga.
17.5.	Hér skal skrá hve mörg af þeim samningssamböndum í sp. 17.3. voru við lögaðila.
17.6.	Hér er spurt um fjölda samningssambanda sem hefur verið sagt upp vegna áhættuvilja aðilans. Í því sambandi er átt við tilgreinda tegund samningssambanda sem tilkynningarskyldur aðili hefur ákveðið að undirgangast ekki og/eða ekki lágu fyrir upplýsingar um þegar samningssamband hófst.
17.7.	Hér skal skrá hve mörg af þeim samningssamböndum í sp. 17.6. voru við einstaklinga..
17.8.	Hér skal skrá hve mörg af þeim samningssamböndum í sp. 17.6. voru við lögaðila..

#### 18. Greining á grunsamlegum viðskiptum

18.1.	Hér skal skrá heildarfjölda tilkynninga um grunsamleg viðskipti sem bárust ábyrgðarmanni aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á viðmiðunartímabilinu.
18.2.	Heildarfjöldi tilkynninga um grunsamleg viðskipti sem starfsmenn sem eru í beinum samskiptum við viðskiptamenn komu auga á.

Nr. spurningar	Útskýring
18.3.	Heildarfjöldi tilkynninga um grunsamleg viðskipti sem komu frá eftirlitskerfum tilkynningarskylds aðila. Vakin er athygli á því að heildarfjöldi tilkynninga getur verið lægri en samtala 17.2. og 17.3. þar sem að starfsmenn og kerfi tilkynningarskylda aðilans geta komið auga á sömu viðskipti.

### 19. Tilkynningar um grunsamleg viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu

19.1.	Heildarfjöldi tilkynninga á viðmiðunartímabilinu sem sendar eru til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu er varða grun um peningþvætti.
19.2.	Heildarfjöldi tilkynninga á viðmiðunartímabilinu sem sendar eru til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu er varða grun um fjármögnun hryðjuverka.

### 20. Svikatilfelli

Hér er spurt nánar út í svikatilfelli hjá tilkynningarskyldum aðila sem framkvæmdar voru af aðilanum. Svikatilfelli geta verið margvísleg og eru dæmi um slík svik t.d. kortasvik, auðkennasvik, svindl o.s.frv.

20.1.	Heildarfjöldi þeirra færslna sem framkvæmdar voru hjá tilkynningarskyldum aðila og vörðuðu svik.
20.2.	Heildarumfang færslna í krónum talið sem framkvæmdar voru af aðilanum og var hluti af svikum.
20.3.	Hlutfall þeirra færslna sem vörðuðu svik sem hlutfall af heildarfjölda færslna sem framkvæmdar voru hjá aðilanum á viðmiðunartímabilinu.

### 21. Ábyrgðarmaður

Tilkynningarskyldir aðilar skulu tilnefna einn aðila úr hópi stjórnenda sem ábyrgðarmann málaflokksins, sbr. 34. gr. laga nr. 140/2018. Spurningar hér á eftir beinast að starfi ábyrgðarmanns og verkefnum.

21.1.	Já/Nei spurning Spurningin snýr að því hvort að ábyrgðarmaður geri reglulegar úttektir á fylgni tilkynningarskylds aðilans við stefnur, verklagsreglur og innri reglur sem aðilinn hefur sett sér er varða málaflokkinn.
21.2.	Já/Nei spurning Ef svar við spurningu 21.1. er já þá skal svara hvort að niðurstöður slíkrar úttektar séu annaðhvort skjalaðar og/eða gert grein fyrir þeim í skýrslu sem er kynnt fyrir forsvarsmönnum tilkynningarskylda aðilans.
21.3.	Já/Nei spurning Í þeim tilfellum sem úttektir hafa leitt til athugasemda er óskað upplýsinga um hvort að slíkum athugasemdum sé fylgt eftir gagnvart starfsmönnum.  Gott er að lýsa í athugasemdum í hverju slík eftirfylgni er fólgin gagnvart starfsmönnum.
21.4.	Já/Nei spurning Spurningin snýr að því hvort að ábyrgðarmaður hafi skilað til stjórnar skýrslu er varðar málaflokkinn vegna síðasta heila árs. Viðmiðunartímabilið er 1. júlí til 30. júní næsta árs en hér er horft til þess hvort að ábyrgðarmaður hafi sent skýrslu til stjórnar aðilans fyrir síðasta heila starfsár.
21.5.	Opin spurning Ef spurning 21.4. er svarað játandi er hér óskað eftir að tilkynningarskyldi aðilinn greini frá umfjöllun í stjórn um skýrsluna. Einnig skal koma fram hver afstaða stjórnarinnar var til skýrslu ábyrgðarmanns sbr. sp. 21.4.

### 22. Starfsmenn og þjálfun

Þessi kafli snýr að þjálfun starfsmanna en 33. gr. laga nr. 140/2018 fjallar um skyldur tilkynningarskyldra aðila til að þjálfa starfsmenn í aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Tryggir þetta að starfsmenn öðlist viðeigandi þekkingu á ákvæðum laga um peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem og reglum og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra laga.

22.1.	Já/Nei spurning Hér er spurt hvort að tilkynningarskyldur aðili hafi skjalfest eða gert skriflega fræðsluáætlun fyrir starfsmenn.
22.2.	Opin spurning Ef svar við spurningu 22.1. er já skal gera grein fyrir hversu viðfeðm hún er gagnvart starfsmönnum. Æskilegt er að það komi fram fyrir hvern áætlunin gildir, hvort hún gildi fyrir alla starfsmenn eða einungis þá starfsmenn sem sinna að einhverju leyti málaflöknum.
22.3.	Opin spurning Hér skal lýsa hvort starfsmönnum hafi verið veitt þjálfun í málaflöknum á viðmiðunartímabilinu og þá hvernig sú fræðsla til starfsmanna hefur verið veitt. Hér er óskað eftir nánari lýsingu á aðferðum við fræðslu, tíðni o.s.frv.

### 23. Endurskoðunardeild eða sjálfstæður úttektaraðili

Þessi kafli snýr að hvernig endurskoðun eða úttektum á fylgni tilkynningarskylda aðilans við lög nr. 140/2018 er háttað.

23.1. Já/nei spurning

Hér skal svara hvort að tilkynningarskyldur aðili útbúi árlega áætlun er varðar úttekt á fylgni aðilans við lög nr. 140/2018.

23.2.-23.3. Opnar spurningar

Hér skal svara hvenær síðasta úttekt endurskoðunardeildar eða sjálfstæðs úttektaraðila lá fyrir (dagsetning) og í síðari spurningunni skal svara hver niðurstaða þeirrar athugunar var. Ef úttektin hefur leitt til athugasemda eða kröfu um úrbætur er mikilvægt að lýsa hvernig aðilinn hefur brugðist við.